

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1968.

Magnús Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

23. apríl 1968.

Nr. 122.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 78/1967, um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

1. gr.

19. gr. orðist svo:

Enginn, sem eignast hefur íbúð, samkvæmt 18. gr. má selja hana nema Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti og ekki framleigja nema með leyfi stofnunarinnar.

Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. Ef maður hefur átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

2. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið, samkvæmt 18. gr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt 19. gr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveða áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið.

Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Nú hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins fallið frá kauprétti sínum á íbúð, samkvæmt 19. gr., og er þá kaupréttur stofnunarinnar á þeirri íbúð endanlega niður fallinn. Sama gildir ef stofnunin neytir ekki kaupréttar síns við nauðungaruppboð samkvæmt 20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög frá 8. apríl 1968 um breyting á sömu lögum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 170/1963, um notkun pósts.

16. gr. 3. liður orðist svo:

Þegar senda á slíkar sendingar til útbýtingar, skal leita samninga við póst- og símamálastjórnina þar um. Heimilt er að veita afslátt af venjulegu burðargjaldi þó aldrei yfir 10% eftir því sem um semst. Sendingarnar eru ekki frímerktaðar, en burðargjaldið er greitt í reiðu fé gegn kvittun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi þegar í stað.

Póst- og símamálaráðherra, 19. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 155 1. sept. 1957,
um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.**

Staflíður a í 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Enginn, sem eignast hefur íbúð, samkvæmt þessari mgr., má selja hana, nema Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framlengja nema með leyfi stofnunarinnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbætti verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverð íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjald-daga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungarupphöð, skv. lögum nr. 57 25. maí 1949 um nauðungarupphöð og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á upphöðsþingi, að eignin verði lögð stofn-ininni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluveði